

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 10. maí 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál*a. Endurskoðunarbréf*

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar, endurskoðanda sveitarfélagsins. Auk samantektar á helstu niðurstöðum ársreiknings er í bréfinu fjallaðu um lykiláhættuþætti, reikningsskilaaðferðir, mat stjórnenda og megin niðurstöður skoðunar á innra eftirliti. Í bréfinu koma ekki fram neinar athugasemdir sem sveitarstjórn þarf að bregðast við.

Endurskoðunarbréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við það.

b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2011(önnur umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 11. apríl 2012. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 476 m.kr. og rekstrargjöld 457 m.kr. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 18 m.kr. en rekstrarniðurstaða eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 17,5 m.kr.

Eigið fé samstæðu í árslok 2011 nam 1.268 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, Eiginfjárhlutfall samstæðu var 75,4% í lok árs 2011 en var 75,0% árið 2010. Veltufjárhlutfall samstæðunnar nam 23,19 en var 20,0 árslok 2010.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar 68,9 m.kr. og handbært fé frá rekstri 64,7 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 568 m.kr. í árslok en var 543 m. kr. í árslok 2010. Auk þess kemur fram í efnahagsreikningi að eign í ríkisverðbréfum nam 194 m. kr. Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann að lokinni umræðu.

2. Framkvæmdir 2012.

Fyrir fundinum lá yfirlit um helstu framkvæmdir ársins sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi fyrirhugaðar framkvæmdir og gerði athugasemdir og breytingar við yfirlitið skv. þeim áherslum sem hún taldi rétt að hafa. Sveitarstjóra var falið að vinna áfram að skoðun ákveðinna mála en koma öðrum á framkvæmdastig.

3. Umhverfismál

Fyrir fundinum lá minnisblað um stöðu umhverfismála og endurbóta á eignum sem athugasemdir hafa verið gerðar við.

Sveitarstjórn ræddi málið og lagði áherslu á eftirfylgni við þau mál sem hafa verið sett í athugasemdaferli og benti jafnframt á nokkur atriði sem gera þurfi athugasemdir við.

Sveitarstjórn Skagastrandar

Fundargerðir

Sveitarstjórn lýsti hins vegar ánægju með þær endurbætur sem gerðar hafa verið á eignum í sveitarfélaginu í framhaldi af ábendingum til einstaklinga og fyrirtækja á síðasta ári.

4. Hitaveitumál

Fyrir fundinum lá minnisblað um stöðu undirbúnings fyrir lagningu hitaveitulagnar til Skagastrandar. Þar kom m.a. fram að

- Stór hluti hitaveituefnis er kominn á Skagaströnd og reiknað með að í heildina sé búið að flytja um 75% efnis í framkvæmdina alla.
- Framkvæmd lagnar Reykir – Blönduós er í útboði og verður opnað um miðjan maí.
- Framkvæmdaleyfi eru í vinnslu eða langt komin.
- Búið að opna tilboð í dæluhús á Blönduósi.

Fyrir fundinum lágu einnig drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Sveitarstjórn samþykkti að senda umsögnina.

Fyrir fundinum lá minnisblað um hitaveitudaga sem verði haldnir í júní þar sem helstu atriði sem varða breytingar á eignum vegna hitaveituvæðingar verði til kynningar og umfjöllunar. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

5. Bréf sveitarstjórnar til Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 2. maí 2012

Fyrir fundinum lá erindi til Atvinnuveganefndar Alþingis þar sem veitt er umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Í umsögninni kemur fram að Sveitarstjórn Skagastrandar lýsir miklum áhyggjum ef frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verður samþykkt óbreytt og telur ákveðin atriði í fyrirhuguðum lagatexta geta valdið miklum byggðalegum skaða. Sveitarstjórnin gerði því í umsögn sinni athugasemdir við allmargar greinar frumvarpsins.

6. Fundargerðir

- a) Hafnarnefndar, 30.04.2012
Fundargerðin var samþykkt
- b) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún 17.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 24.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Aðalfundar Ferðamálafélags A-Hún, 23.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar SSNV, 24.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. 27.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar Hafnasambands Íslands. 23.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Umræður urðu um fyrirhugaða vinabæjarheimsókn til Ringerike í Noregi.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson